



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi  
Ágúst Geir Ágústsson  
nefndarritari  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. júlí 2002  
Tilvísun : 2002050016


Vísað er til erindis yðar dags. 13. maí sl. þar sem heilbrigðis- og tryggingarnefnd Alþingis leitar umsagna vegna frumvarps til laga um Lýðheilsustöð, 707. mál. Barnaverndarstofa hefur farið yfir efni frumvarpsins og þykir rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Með frumvarpinu er lagður grunnur að verulegri eflingu forvarnarstarfs af hálfu ríkisins á mörgum mikilvægum sviðum lýðheilsumála. Reikna má með að með því að marka þessu forvarnarstarfi starfsramma innan einnar stofnunar geti stefnumótun og forgangsröðun viðfangsefna orðið markvissari ásamt því að nýting fjármuna til forvarnarstarfs verði betri. Sú samhæfing á opinberri starfsemi sem frumvarpið gerir ráð fyrir er til mikilla bóta og gefur tilefni til eflingar þverfaglegs samstarfs ólíkra faghópa, stofnana og félagasamtaka.
2. Mikilvægt er að stofnun Lýðheilsustöðvar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, verði ekki til þess fallin að draga úr starfsemi frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra aðila á sviði forvarna. Alkunna er að margir aðilar hafa lagt gjöva hönd á plóg á sviði forvarna sem frumvarpið tekur til. Því kæmi til álita að tilgreina sem eitt hlutverka Lýðheilsustöðvar að stuðla að eflingu forvarnarstarfs á vegum annarra, svo sem félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra aðila, með því að veita liðsinni sitt eftir því sem við á. Í þeim efnum má sérstaklega vísa til lögbundinna skylda sveitarfélaga á sviði forvarna t.d. að því er varða börn, á sviði áfengis- og vímuvarna ofl., sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Vegna sérstöðu sveitarfélaga og lagaskyldu þeirra á mörgum sviðum forvarna, kæmi til álita að sveitarfélögin í landinu ættu fulltrúa í landsnefnd um lýðheilsu, sbr. 4. gr. frumvarpsins.
3. Rétt þykir að vekja athygli á að frumvarpið tekur ekki sérstaklega til slysavarna barna, en um nokkurra ára skeið hefur verið starfandi sérstök verkefnisstjórn á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis á því sviði - Árvekni. Það er mat Barnaverndarstofu að vel færi á því að sú starfsemi, sem sannað hefur gildi sitt, verði markaður farvegur innana Lýðheilstustöðvar.
4. Barnaverndarstofa vill vekja sérstaka athygli á tillögum sem lögð er fram í skýrslu nefndar, sem falið var að gera tillögur um úrbætur vegna kláms og vændis, og unnin var á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis. Ein helsta tillaga nefndarinnar miðar að því að settur verði á laggirnar samráðshópur/verkefnisstjórn í því skyni að fylgjast

með þróun á þessu sviði og bregðast við henni. Ljóst er að sú markaðsvæðing kynlífs sem orðið hefur á Íslandi á síðustu árum getur haft fjölmörg heilsufarsleg og félagsleg vandkvæði í för með sér, sem ekki síst börnum getur stafað ógn af. Þess vegna er mikilvægt að samfélagsvitund um afleiðingar vændis, kláms og kynferðislegrar misnotkunar sé efl. Vel færi á því að starfsemi af þessu tagi yrði felld undir hatt Lýðheilsustöðvar.

5. Erlendis þekkist að starfandi séu svonefnd "Child death review boards" eða "Child fatality teams", einkum í Bandaríkjunum, en eitt meginhlutverk þeirra er að rannsaka voveifleg dauðsföll barna eða alvarlegra atvika, t.d. vegna ofbeldis, sjálfsvíga og slysa. Tilgangurinn er einkum sá að draga lærdóma af reynslunni og benda á aðgerðir sem eru til þess fallnar að draga úr líkum þess að slíkt endurtaki sig. Að mati Barnaverndarstofu er starf af þessum toga orðið mjög áriðandi hérlandis í ljósi atburða síðustu ára. Starf á þessu sviði kallar á náið samstarf barnaverndaryfirvalda, lækna, lögreglu og jafnvel saksóknara. Vera má að samstarf aðila í þessum efnum ætti heima á vettvangi fyrirhugaðrar Lýðheilsustöðvar, a.m.k. er fullt tilefni til slíkrar athugunar.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

  
Bragi Guðbrandsson, forstjóri